



**Reykjavíkurborg**  
**Ómar Einarsson**

Reykjavík 20. ágúst 2019

Góðan daginn

Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ) mun halda heimsmeistaramót karla riðil IIb 19.-25. apríl 2020. Ákveðið hefur verið í samráði við íshökkídeildir Skautafélags Reykjavíkur og Fjölni að mótið fari fram í Skautahöllinni í Laugardal og verði framkvæmd mótsins sameiginleg félaganna tveggja.

Um er að ræða sex liða mót og eru þátttakendur ásamt fylgdarliði um 300 talsins.

Stórkostlegt er að fá að halda alþjóðlegt íshökkí mót sem þetta í Laugardalnum og vonumst við eftir að mótið verði eftirminnilegt og hið glæsilegasta, þannig að allir aðilar verði stoltir af.

Heimsmeistaramótið er mikil kynning fyrir íshökkí á Íslandi. IIHF kynnir mótið fyrir þúsundum manna og kvenna um heim allan og nýtir sér helstu samskiptamiðla til að kynna Reykjavík sem mótstað. Streymt verður frá öllum leikjum mótsins og jafnvel sjónvarpað hjá RUV.

Mjög fjárfrekt er að halda mót af þessari stærðargráðu, það helsta er hótélkostnaður, ferðir innanlands, fæði og skipulagning. Það kostar ÍHÍ um 35 milljónir króna að halda þetta mót og fáum við að hluta til styrk frá Alþjóða Íshökkísambandinu (IIHF).

Íshökkísamband Íslands óskar eftir því að aðkoma Reykjavíkurborgar verði;

- Fjárframlag vegna húsaleigu og annan tilfallandi kostnað varðandi Skautahöllina í Laugardal. Áætlað kr 2.000.000.-
- Fjárframlag vegna flutnings leikmanna og starfsfólks til og frá Keflavíkurflugvelli ásamt akstri innanbæjar kr 1.600.000.-
- Frítt fyrir þátttakendur í sund.
- Hátíðarboð – kvöldmatur og hátíðardagskrá fyrir starfsfólk Alþjóða Íshökkísambandsins ásamt liðsstjórum liðanna og annarra boðsgesta, kr 400.000.-

Í von um frábært og gleðilegt samstarf.

Með bestu kveðju

Konráð Gylfason  
Framkv.stj. ÍHÍ